

**REGLUR**

um breyting á reglum nr. 205/1978 um Íslensku Unesco-nefndina.

1. gr.

Við 5. gr. bætist:

31. Formaður Blaðamannafélags Íslands.

2. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 11. október 1979.*

**Ragnar Arnalds.**

*Birgir Thorlacius.*

Nr. 417.

12. október 1979.

**Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumanns Strandassýlu dags. 12. október 1979 um flutning þingstaðar í Bæjarhreppi, Strandassýlu.**

„Samkvæmt tillögu yðar, herra sýslumaður, í bréfi dags. 4. október s. l. og ósk hreppsnefndar Bæjarhrepps í Strandassýlu, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Bæ í Bæjarhreppi í barnaskólann á Borðeyri í sama hreppi, enda annast hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað, hæfilegt húsrými til þinghaldanna.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari birtingar.“

Nr. 418.

2. október 1979.

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 289/1978 um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði.

1. gr.

Við 2. gr. 2. tl. bætist:

g. Acromegalia

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 sbr. lög um breytingu á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. október 1979.*

**Magnús H. Magnússon.**

*Jón Ingimarsson.*